

Frá ritstjórum



Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi MSW, framkvæmdastjóri FÍ

Kæru lesendur

Það er ánægjulegt frá að segja að innsent efni í Tímarit félagsráðgjafa hefur vaxið mjög undanfarin ár. Fjöldi greina í ritinu er nú meiri en nokkru sinni. Fjórar ritrýndar greinar voru samþykktar til birtingar ásamt fimm almennum greinum.

Í ritrýndu greinunum má finna fjölbreytt efni þar sem greint er frá niðurstöðum fjögurra rannsókna. Í einni þeirra er greint frá rannsókn sem var gerð á þjónustu sveitarfélaga fyrir seinfæra foreldra. Í annarri er fjallað um upplifun og reynslu heimilislausra kvenna af áföllum og áhrifum þeirra á vímuefnanotkun kvennanna. Sú þriðja fjallar um virkni endurhæfingar- og örorkulífeyrisþega eftir því hvort þeir voru í vinnu og námi eða ekki. Í fjórðu greininni er síðan fjallað um áhrif fátæktar á félagslega þátttöku barna innflytjenda. Síðasta rannsóknin tekur til barna innflytjenda, en þess má geta að í síðasta tölublaði, sem kom út í fyrra, var gerð grein fyrir fyrri hluta rannsóknarinnar sem tók til íslenskra barna.

Almennar greinar eru fleiri en áður og þar er einnig að finna fjölbreytt efni. Í greinunum má finna umfjöllun

um álag í starfi og meðhöndlun álags, skilgreiningar og birtingarmyndir fitufordóma, móttöku og aðlögun flóttafólks og stefnumótun í málefnum fólks með heilabilun. Auk þess er greint frá rannsókn á viðhorfum nemenda við HÍ til dánar- og sjálfsvígisaðstoðar.

Eins og sjá má höfum við fengið ákaflega áhugavert og fjölbreytt efni í tímaritið, sem er ekki síst til þess fallið að efla fagþróun og víðsýni okkar sem félagsráðgjafa. Vegna fjölda greina sem bárust að þessu sinni víkja þó aðrir fastir pistlar í tímaritinu, eins og bókarýni, og ekki hafa verið kallaðar inn fréttir af vettvangi í sama mæli og áður, en reynt verður að bæta úr því í næsta tölublaði. Pistill formanns Félagsráðgjafafélags Íslands er þó á sínum stað ásamt stuttum fréttainnskotum hér og þar í blaðinu.

Um leið og við þökkum félagsráðgjöfum fyrir góðar heimtur á efni í ritið vill ritstjórnin koma því á framfæri að ákveðið hefur verið að breyta skilafresti ritrýndra greina aftur til þess sem var, eða 15. október, fyrir næsta tölublað. Gerð var tilraun til þess að hafa skilafrestinn fyrr en sú tilraun kom ekki nægilega vel út. Hins vegar má skila inn til birtingar almennum greinum, bókarýni og fréttum af vettvangi fram að næstu áramótum.

Að lokum óskum við ykkur gæfu og góðrar heilsu á þeim fordæmalausu tímum sem nú standa yfir vegna Covid 19-veirunnar.

Kveðja fyrir hönd ritstjórnar,

Freydís Jóna Freysteinsdóttir,
ritstjóri ritrýndra greina

Eldey Huld Jónsdóttir,
ritstjóri annars efnis